



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. september 2023

**Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880**

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Eiginfjáryfirlit.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7 - 12
Ársfjórðungsyfirlit.....	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 932 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 37.597 m.kr. á sama tímabili 2022. Hagnaður af áframhaldandi starfsemi nam 932 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.681 m.kr. á sama tímabili 2022. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september námu 19.082 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 18.339 m.kr. á sama tímabili árið 2022. Eignir félagsins í lok tímabils námu 34.262 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 17.953 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 52,4%.

Við sölu á Milu ehf. til Ardian sem tilkynnt var um þann 30. september 2022 var hluti af söluandvirðinu greiddur með skuldabréfi. Gengið var frá sölu á skuldabréfinu til félags á vegum Ardian fyrir 15,7 ma.kr. í lok janúar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 9. mars 2023 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins. Annars vegar með lækkun vegna eigin hluta sem nam 185 m.kr. að nafnverði og hins vegar með lækkun á hlutafé um 1.625 m.kr. með greiðslu til hluthafa sem nam 15,7 ma.kr. sem félagið greiddi þann 31. mars. Samtals lækkaði hlutafé því úr 4.400 m.kr. í 2.775 m.kr. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 277,5 m.kr. að nafnverði og tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi í lok mars. Í samræmi við heimildir aðalfunda félagsins 2022 og 2023 hafa á tímabilinu janúar til september verið keypt eigin bréf að nafnverði 208 m.kr. fyrir 2.188 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

Á stjórnarfundum 16. maí 2023 tók stjórn Símans hf. ákvörðun um að veita stjórnendum kauprétti að hámarki 75 m.kr. hlutum. Ákvörðunin byggir á samþykkt aðalfundar frá 9. mars 2023. Einnig hefur verið gengið frá kaupréttaráætlun sem nær til allra fastráðinna starfsmanna félagsins og byggir á 10. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Geta kaup starfsmanna orðið allt að 92,6 m.kr. hlutir. Byrjað er að gjaldfæra kostnað vegna þessara kaupréttaráætla.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. september 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2023. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. október 2023

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Björk Viðarsdóttir

Forstjóri

Orri Hauksson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2023

	Skýr.	2023	2022	2023	2022
		1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Sala	5	6.329	6.016	18.599	17.871
Kostnaðarverð sölu	6	(4.113)	(3.681)	(12.378)	(11.040)
Framlegð		2.216	2.335	6.221	6.831
Aðrar rekstrartekjur		172	194	483	468
Rekstrarkostnaður	7	(1.623)	(1.543)	(5.259)	(5.057)
Rekstrarhagnaður		765	986	1.445	2.242
Fjármunatekjur		161	97	545	387
Fjármagnsgjöld		(303)	(165)	(815)	(530)
Gengismunur		16	(16)	(2)	(14)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(126)	(84)	(272)	(157)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		639	902	1.173	2.085
Reiknaðir skattar		(132)	(184)	(241)	(404)
Hagnaður og heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi tímabilsins ...		507	718	932	1.681
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta		0	35.628	0	35.916
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins		507	36.346	932	37.597
EBITDA		1.811	1.790	4.536	4.516
Hagnaður á hlut					
Grunnhagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi		0,18	0,10	0,31	0,23
Þynntur hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi		0,17	0,10	0,30	0,23

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. september 2023

	Skýr.	30.9.2023	31.12.2022
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		2.472	2.466
Leigueignir		787	941
Óefnislegar eignir		21.276	22.122
Aðrar eignir	9	581	580
	Fastafjármunir	<u>25.116</u>	<u>26.109</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.209	1.212
Viðskiptakröfur	11	2.284	2.045
Útlán	12	2.310	1.359
Aðrar skammtímakröfur	13	1.364	1.048
Verðbréf færð á gangvirði	14	0	15.687
Handbært fé		1.979	3.721
	Veltufjármunir	<u>9.146</u>	<u>25.072</u>
	Eignir samtals	<u><u>34.262</u></u>	<u><u>51.181</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.605	4.242
Yfirverðsreikningur		0	495
Lögbundinn varasjóður		651	1.061
Annað bundið eigið fé		550	576
Óráðstafað eigið fé		14.147	28.887
	Eigið fé	<u>17.953</u>	<u>35.261</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán		7.466	5.956
Leiguskuldbindingar		566	731
Viðskiptaskuldir		0	639
Tekjuskattskuldbinding	15	331	89
	Langtímaskuldir	<u>8.363</u>	<u>7.415</u>
Skammtímaskuldir			
Skammtímalán		1.909	1.929
Viðskiptaskuldir	16	4.671	4.788
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		269	251
Skattar til greiðslu		0	577
Aðrar skammtímaskuldir	17	1.097	960
	Skammtímaskuldir	<u>7.946</u>	<u>8.505</u>
	Skuldir samtals	<u>16.309</u>	<u>15.920</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>34.262</u></u>	<u><u>51.181</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árslutareikningnum.

Eiginfjárfirlit 30. september 2023

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2022	7.314	3.278	154	2.020	18.313	31.079
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins					37.597	37.597
Greiddur arður (0,069 á hlut)				(500)	(500)
Keypt eigin bréf	(228)	(2.468)				(2.696)
Fært á bundið eigið fé				(1.427)	1.427	0
Eigið fé 30.9.2022	7.086	810	154	593	56.837	65.480
Eigið fé 1.1.2023	4.242	495	1.061	576	28.887	35.261
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins					932	932
Greiddur arður (0,119 á hlut)				(499)	(499)
Hlutfjárlækkun	(1.429)	(357)		(13.794)	(15.580)
Keypt eigin bréf	(208)	(495)	(53)	(1.432)	(2.188)
Fært af bundnu eigin fé				(26)	26	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					27	27
Eigið fé 30.9.2023	2.605	0	651	550	14.147	17.953

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. september 2023

Skýr.	2023		2022	
	1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	765	986	1.445	2.242
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	1.046	804	3.091	2.274
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(10)	(52)	(15)	(56)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	21	0	27	0
	<u>1.822</u>	<u>1.738</u>	<u>4.548</u>	<u>4.460</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, lækkun (hækkun)	84	62	(157)	(231)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(388)	946	(477)	952
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun	61	170	229	938
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>(243)</u>	<u>1.178</u>	<u>(405)</u>	<u>1.659</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>1.579</u>	<u>2.916</u>	<u>4.143</u>	<u>6.119</u>
Innborgaðir vextir	125	95	517	274
Greiddir vextir	(219)	(127)	(617)	(482)
Greiddir skattar	<u>(236)</u>	<u>(209)</u>	<u>(630)</u>	<u>(557)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>1.249</u>	<u>2.675</u>	<u>3.413</u>	<u>5.354</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í rekstrarfjárumnum	(153)	(196)	(642)	(573)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(216)	(1.758)	(2.306)	(2.515)
Söluverð rekstrarfjármuna	27	1	37	5
Útlán, breyting	(351)	(79)	(905)	(248)
Sala á verðbréfi	0	0	15.685	0
Söluverð eignarluta í dótturfélögum	0	32.713	0	32.713
Söluverð félags	0	0	0	152
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(693)</u>	<u>30.681</u>	<u>11.869</u>	<u>29.534</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiddur arður	0	0	(499)	(500)
Kaup eigin bréfa	(735)	(805)	(2.187)	(2.696)
Útgreitt hlutafé	0	0	(15.580)	0
Tekin ný langtímalán	1.500	0	1.500	0
Afborganir leiguskuldbindinga	(69)	(62)	(198)	(155)
Skammtímalán, breyting	0	0	(21)	(1.186)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>696</u>	<u>(867)</u>	<u>(16.985)</u>	<u>(4.537)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.252	32.489	(1.703)	30.351
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	0	(2)	(39)	(8)
Handbært fé í byrjun tímabilsins	727	1.365	3.721	3.509
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>1.979</u>	<u>33.852</u>	<u>1.979</u>	<u>33.852</u>

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til september 2023 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símans hf. eru Síminn Pay ehf. og Radíómiðun ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og afþreyingar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 24. október 2023.

2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta:	Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Vörusala búnaðar:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.

Starfsþættir 1.1.-30.9.2023	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	4.854	835	5.963	5.466	1.261	703	19.082
Óskipt rekstrargjöld							(14.546)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							4.536
Afskriftir							(3.091)
Hrein fjármagnsgjöld							(272)
Reiknaðir skattar							(241)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi							932
Hagnaður tímabilsins							932
Fjárfestingar							(2.911)
Óskiptar eignir 30.9.2023							34.262
Óskiptar skuldir 30.9.2023							16.309

Starfsþættir 1.1.-30.9.2022	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	4.500	1.063	5.651	4.948	1.359	818	18.339
Óskipt rekstrargjöld							(13.823)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							4.516
Afskriftir							(2.274)
Hreinar fjármunatekjur							(157)
Reiknaðir skattar							(404)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi							1.681
Aflögð starfsemi							35.916
Hagnaður tímabilsins							37.597
Fjárfestingar							(3.083)
Óskiptar eignir 30.9.2022							81.491
Óskiptar skuldir 30.9.2022							16.011

Skýringar

	2023	2022
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
5. Sala		
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:		
Sala á þjónustu	17.242	16.331
Vörusala	1.357	1.540
	<u>18.599</u>	<u>17.871</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	710	614
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	7.629	6.881
Samtengigjöld	520	557
Kostnaðarverð seldra vara	1.238	1.419
Eignfærð vinna	(122)	(142)
Afskriftir	2.403	1.711
	<u>12.378</u>	<u>11.040</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	2.494	2.360
Markaðs- og sölukostnaður	433	407
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	266	343
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	807	822
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	571	562
Afskriftir	688	563
	<u>5.259</u>	<u>5.057</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	543	272
Söluhagnaður af eignarhlutum	0	113
Fenginn arður	2	2
	<u>545</u>	<u>387</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(622)	(282)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(36)	(33)
Niðurfærsla útlána	(86)	(42)
Önnur fjármagnsgjöld	(71)	(173)
	<u>(815)</u>	<u>(530)</u>

Gengismunur	(2)	(14)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(272)</u>	<u>(157)</u>

Skýringar

9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

	30.9.2023	31.12.2022
Fjárfesting í öðrum félögum	8	38
Sjónvarpsefni til sýningar	365	204
Útlán til meira en 12 mánaða	208	338
Aðrar eignir samtals	<u>581</u>	<u>580</u>

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	734	601
Sjónvarpsefni til sýningar	<u>475</u>	<u>611</u>
Birgðir samtals	<u>1.209</u>	<u>1.212</u>

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	2.361	2.129
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(77)</u>	<u>(84)</u>
Viðskiptakröfur samtals	<u>2.284</u>	<u>2.045</u>

12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánnum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-18 mánuðir.

Útlán	2.663	1.795
Niðurfærsla útlána	<u>(145)</u>	<u>(98)</u>
Fært meðal langtímakrafna	<u>(208)</u>	<u>(338)</u>
Útlán samtals	<u>2.310</u>	<u>1.359</u>

13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Fyrirframgreiddur kostnaður	1.048	705
Aðrar skammtímakröfur	<u>316</u>	<u>343</u>
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>1.364</u>	<u>1.048</u>

14. Verðbréf færð á gangvirði

30.9.2023 31.12.2022

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:

Staða 1.1.	15.687	0
Keypt	0	17.500
Matsbreyting við viðtöku	0	(1.431)
Matsbreyting í árslok 2022	0	(382)
Söluverð verðbréfs	(15.685)	0
Sölutap	(2)	0
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	<u>0</u>	<u>15.687</u>

Verðbréf er óskráð skuldabréf á Sunstone II hf. og var selt í janúar 2023.

15. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	89	604
Tekjuskattur af aflagðri starfsemi.....	0	(286)
Tekjuskattur tímabilsins.....	247	345
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	(5)	(562)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	0	(12)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>331</u>	<u>89</u>

16. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	3.271	3.281
Áfallinn kostnaður	<u>1.400</u>	<u>1.507</u>
Viðskiptaskuldir samtals	<u>4.671</u>	<u>4.788</u>

17. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður	462	508
Ógreidd laun og launatengd gjöld	181	242
Ógreiddur virðisaukaskattur	<u>454</u>	<u>210</u>
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.097</u>	<u>960</u>

18. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu í bráðabirgðaákvörðun nr. 30/2023 að Símanum væri skylt að endurnýja heildsölusamning við Nova hf. um Símann Sport til Nova sem rann út í maí 2023. Síminn telur að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skorti lagalegan grundvöll og kærði niðurstöðuna til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Kærunni var vísað frá þar sem ekki var heimild í lögum að kæra bráðabirgðaákvörðunina og biður málið þar af leiðandi efnislegrar meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Staða eftirfarandi mála er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2022.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur að háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Landsréttar sem staðfesti niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar og hækkaði sektina aftur í 9 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Hæstaréttar en rétturinn ómerkti niðurstöðu Landsréttar og héraðsdóms og vísaði málinu aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. Síminn hafnaði málatilbúnaði Sýnar og skilaði greinargerð vegna málsins. Sýn stefndi Símanum einnig til greiðslu fjárhæðar 270 m.kr. og Síminn skilaði greinargerð þar sem málatilbúnaði Sýnar var hafnað.

Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur (nú Ljósleiðarinn) sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Ljósleiðarans að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða.

PFS og Sýn hafa ennfremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um að úrskurður úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála nr. 7/2019 verði felldur úr gildi, en úrskurður nefndarinnar fól í sér ógildingu á ákvörðun PFS nr. 27/2019 þar sem stofnunin lagði sekt að fjárhæð 9 m.kr. á Símann. Síminn mun gera kröfu um að úrskurður nefndarinnar standi óhaggaður.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2020 að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Síminn og Samkeppniseftirlitið höfðuðu mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. október 2022 var að fella ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi og gerði Samkeppniseftirlitinu að endurgreiða Símanum 200 m.kr. auk dráttarvaxta. Samkeppniseftirlitið hefur áfrýjað dóminum til Landsréttar. Félagið er sem fyrr þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga, líkt og staðfest var með dómi héraðsdóms.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæfulaus.

19. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árslutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Ársfjórðungsfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2023	2 F 2023	3 F 2023	Samtals
Sala	6.153	6.117	6.329	18.599
Kostnaðarverð sölu	(4.155)	(4.110)	(4.113)	(12.378)
Framlegð	1.998	2.007	2.216	6.221
Aðrar rekstrartekjur	145	166	172	483
Rekstrarkostnaður	(1.825)	(1.811)	(1.623)	(5.259)
Rekstrarhagnaður	318	362	765	1.445
Hrein fjármagnsgjöld	(1)	(145)	(126)	(272)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	317	217	639	1.173
Reiknaðir skattar	(71)	(38)	(132)	(241)
Hagnaður tímabilsins	246	179	507	932
EBITDA	1.315	1.410	1.811	4.536

	1 F 2022	2 F 2022	3 F 2022	4 F 2022	Samtals
Sala	5.957	5.898	6.016	6.068	23.939
Kostnaðarverð sölu	(3.762)	(3.597)	(3.681)	(3.874)	(14.914)
Framlegð	2.195	2.301	2.335	2.194	9.025
Aðrar rekstrartekjur	136	138	194	165	633
Rekstrarkostnaður	(1.757)	(1.757)	(1.543)	(1.656)	(6.713)
Rekstrarhagnaður	574	682	986	703	2.945
Hrein fjármagnsgjöld	92	(165)	(84)	(389)	(546)
Aflögð starfsemi	193	95	35.628	289	36.205
Hagnaður fyrir tekjuskatt	859	612	36.530	603	38.604
Reiknaðir skattar	(113)	(107)	(184)	67	(337)
Hagnaður tímabilsins	746	505	36.346	670	38.267
EBITDA	1.327	1.399	1.790	1.633	6.149